

**12. gr.**

Nú er veð selt á nauðungaruppboði eða við gjaldprotaskipti, og ber uppboðshaldara þá að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett stofnlánadeildinni, og skal stjórn hennar gert viðvart svo tímanlega, að hún geti falið fulltrúa sínum að vera viðstaddur uppboð.

**13. gr.**

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi stofnlánadeildarinnar.

**14. gr.**

Lög þessi taka gildi þegar í stað, og skal starfsemi deildarinnar hefjast á þeim tíma, er segir í reglugerð.

*Gjört í Reykjavík, 24. maí 1972.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

**L Ö G****um lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkið rekur verksmiðju í Siglufirði til fullvinnslu og verkunar ýmiss konar sjávarafurða og nefnist hún Lagmetisiðjan Siglósil. Heimili og varnarþing fyrir-tækisins er í Siglufirði.

**2. gr.**

Lagmetisiðjan vinnur að niðurlagningu, niðursuðu og hvers kyns fullvinnslu matarréttu úr sjávarafurðum og öðrum islenzkum hráefnum. Jafnframt annast lagmetisiðjan tilraunastarfsemi á þessu framleiðsluviði undir leiðsögn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og miðlar reynslu og þekkingu til annarra framleiðenda.

**3. gr.**

Ríkið yfirtekur verksmiðjuhús Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, sem nú er í eigu Síldarverksmiðja ríkisins, ásamt lóðarréttindum, vélum, áhöldum og öðru því, sem nú er notað við rekstur niðurlagningarverksmiðjunnar, og skal verð eignanna greitt með skuldajöfnun milli ríkissjóðs og Síldarverksmiðja ríkisins.

Iðnaðarráðherra skipar þriggja manna nefnd, er annast yfirtöku og verðlagningu eignanna af hálfu ríkisins. Náist ekki samkomulag við stjórn Síldarverksmiðja ríkisins um verð eignanna eða annað það, sem lýtur að yfirtöku þeirra, sker ríkisstjórnin úr.

**4. gr.**

Ríkissjóður leggur fram 15 milljónir króna til að fullkomna vélakost verksmiðjunnar og til að tryggja eðlilegan rekstur hennar.

Ríkissjóður leggur fram nauðsynlegt fjármagn til stækkunar verksmiðjunnar, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum.

## 5. gr.

Iðnaðarráðherra skipar 5 menn í stjórn lagmetisiðjunnar til fjögurra ára í senn, og skulu eftirtaldir aðilar tilnefna menn í stjórnina: fjármálaráðuneytið, bæjarstjórn Siglufjarðar og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Starfsfólk verksmiðjunnar tilnefnir einn mann samkvæmt nánari reglum, sem ráðuneytið setur. Ráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar, og skal hann vera búsettur í Siglufirði. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

## 6. gr.

Ráðherra ákveður laun stjórnar og setur nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

## 7. gr.

Lagmetisiðjan greiðir aðstöðugjald og aðra skatta til Siglufjarðarkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 47 7. maí 1946, um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, svo og lög nr. 60 24. maí 1947, um breyting á þeim lögum.

*Gjört í Reykjavík, 19. maí 1972.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*

**L Ö G****um veðtryggingu iðnrekstrarlána.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Iðnfyrirtækjum er heimilt að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörzluveði hráefni, vörur í vinnslu og fullunnar, sem veðsali á eða eignast kann á tilteknu tímabili, allt að einu ári í senn.

## 2. gr.

Veðréttur samkvæmt 1. gr. fellur niður í hinum veðsettu vörum, þegar veðsali selur þær eða afhendir grandlausum viðsemjanda til eignar. Sé viðsemjandi ekki grandlaus, ber hann ábyrgð á kröfu veðhafa, hafi viðsemjandinn greitt veðsala andvirði vörunnar, áður en veðrétturinn var niður fallinn.

Ákvæði þetta gildir ekki, þegar veðsali selur iðnfyrirtæki sitt ásamt hinum veðsettu vörum.

## 3. gr.

Ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 18/1887, 1. gr. laga nr. 65/1957 og 2. gr. laga nr. 87/1960 skulu gilda um veðrétt þennan, eftir því sem við á.